



Fjölbautaskóli Suðurlands

Vinnustaðarnám

VINN3ÖH05

Kennsluáætlun vorönn 2018

Kennari/ar: Íris Þórðardóttir

Skammstöfun: Íþ

Vinnustaðanámið/verknámið fer fram á öldrunarlækningadeildum eða hjúkrunarheimilum. Verklegur hluti áfangans er 15 átta klukkustunda vaktir á önn. Nemendur vinna jafnframt verkefni tengt viðfangsefnum vinnustaðanámsins. Kennari áfangans, sjúkraliði/leiðbeinandi og deildarstjóri bera sameiginlega ábyrgð á verklegu námi sjúkraliðanema. Nemandi fylgir leiðbeinanda við öll almenn störf sjúkraliða. Í vinnustaðanáminu fær nemandi tækifæri til þess að sýna aukið sjálfstæði við skipulagningu hjúkrunarstarfa og við mat á hjúkrunarþörfum skjólstæðinga, jafnframt að benda á lausnir á þeim hjúkrunarviðfangsefnum sem við eiga á vinnustaðnum. Í upphafi tímabils setur nemandi sér persónuleg og fagleg markmið um verknámið. Á meðan á verknámi stendur skal nemandi fylla út gátlista og ferilbók/dagbók um unna verkþætti.

Pekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- athöfnum daglegs lífs (ADL) við umönnun aldraðra
- viðurkenndum reglum um smitgát og sýkingavarnir
- helstu þáttum sem hafa áhrif á heilsu og lífsgæði aldraðra
- forvörnum og slysagildrum í umhverfi aldraðra
- fylgikvillum rúmlegu
- helstu hjálpartækjum sem notuð eru í hjúkrun aldraðra
- faglegri umhyggju og samskiptum í hjúkrunarstörfum
- mikilvægi eftirlits og mats á líkamlegu og andlegu ástandi skjólstæðinga
- mælitækjum og öðrum hjúkrunargögnum sem eru notuð í hjúkrun aldraðra
- skráningu hjúkrunar
- mikilvægi þagnarskyldu
- sjálfssákvörðunarrétti og réttindum aldraðra samkvæmt lögum
- mikilvægi forgangsröðunar í hjúkrunarstörfum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- meta sjálfsbjargargetu og þarfir aldraðra í athöfnum daglegs lífs sýna öldruðum virðingu og faglega umhyggju
- mæla og skrá algengar athuganir
- nota helstu hjálpartæki og hjúkrunargögn á viðeigandi hátt
- taka þátt í þverfaglegri samvinnu heilbrigðisstéttu
- forgangsraða eigin störfum
- vinna samkvæmt hjúkrunarferli
- útskýra mikilvægi þagnarskyldu og réttinda aldraðra

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- velja viðeigandi hjúkrunarmeðferð hverju sinni og geta rökstutt hana
- virða og rökstyðja mikilvægi þagnarskyldu og mikilvægi trúnaðar
- sýna færni í samskiptum við aldraða, aðstandendur þeirra og samstarfsfólk
- sýna faglega umhyggju í hjúkrun
- leggja sitt að mörkum í þverfaglegri samvinnu
- hjúkra öldruðum á heildrænan og faglegan hátt.

Námsmat

Leiðsagnarmat þar sem vinna nemanda í áfanganum er metin með reglubundnum haetti ásamt því að skrá í ferilbók og gátlista. Til grundvallar matinu er einkum horft til sjálfstæðis í vinnubrögðum, hæfni í hjúkrunarstörfum og samskiptum við aldraða, aðstandendur og samstarfsfólk. Nemendur gera verkefni sem kennari leggur fyrir og tengist viðfangsefnum deildar og vinnustaðanámsins. 100% mætingarskylda er í áfangan og ef nemandi missir úr verknámsdag/ daga þarf hann að vinna þá upp í samvinnu við kennara, leiðbeinanda og deildarstjóra.